



Alma Möller landlæknir flutti hvatningu til læknanna.



Ragnheiður Úlfarsdóttir, Slóvakíu, ritar undir læknaeiðinn.



Bjarni Rúnar Jóhannsson, HÍ, ritar undir læknaeiðinn.

## Aldrei fleiri útskrifast sem læknar

### ■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Alls 88 útskrifast úr læknafræði á þessu vori, 46 úr læknaeild Háskóla Íslands en 42 úr erlend-um skólum. Stærsti hópurinn erlendis frá nam í Slóvakíu, eða 22. Ellefu útskrifast í Ungverjalandi, fimm í Danmörku og einn frá Noregi, Svíþjóð, Eistlandi og Bandaríkjunum.

„Þetta hefur einkennt íslenska læknaeitt í langan tíma. Fólk hefur sótt menntun sína erlendis,“ sagði Reynir Arngrímsson, formaður Læknafélags Íslands við lækna sem komu í húsakynni félagsins til að undirrita læknaeiðinn. Í fyrsta skipti væru yfir 1.700 læknar á Íslandi.

Reynir benti á að nú stækkaði sá hópur óðum sem sækti grunnmenntunina ytra. „Þess vegna höfum við það besta úr læknaþjónustunni og þekkingu úr heiminum bæði austan- og vestanhafs hér á Íslandi,“ sagði Reynir við þessa hátíðarstund.

Alma Möller landlæknir hvatti ungu læknana til þess að efla lýðheilsu landsmanna. Fyrirbyggja þyrfti sjúkdóma vegna lengri ævi lands-

manna. Þau þyrftu einnig að hlúa að eigin heilsu og líðan. „Mikilvægt meðal á kulnun og streitu, bæði fyrir skjólstaðinga ykkar og ykkur sjálf, er svefn.“

Vel á sjötta tug mætti og ritaði undir læknaeiðinn á þessum sólríka eftirmiðdegi í júní í ár. *Læknaþlaðið* óskar læknum sem nú stíga sín fyrstu skref eftir útskrift innilega til hamingju með áfangann.



Unnsteinn Júlíusson læknir á Húsaðvik fór yfir kosti þess að starfa úti á landi.



Rumólfur Pálsson læknir hélt utan um undirritun læknaeiðsins.



Frá vinstri: Sigmar Atli Guðmundsson úr HÍ, Jón Bjarnason, HÍ, og kærasta hans Adéla Stehliková, Gunnar Bollason, HÍ, og Daniel Björn Yngvason, HÍ.



Frá vinstri: Hildur Inga Einarsdóttir og Una Egilsdóttir (th.) sem báðar útskrifast frá Danmörku. Hér ásamt kærustum sínum.



Anna María Toma, HÍ, og kærasti hennar Daði Halldórsson, Eyðís Ósk Jónasdóttir, HÍ, og kærasti hennar Atli Valur Jóhannsson.





Steinar Már Unnarsson kærasti Urðar og Urður Jónsdóttir sjálf, HÍ, Rósamunda Þórarinsdóttir, HÍ, Anna Guðlaug Gunnarsdóttir, HÍ.



Björk Guðmundsdóttir kærasta Arnars Braga Ingasonar, HÍ, hann og móðir hans Bryndís Bragadóttir.



Andri Oddur Steinarsson og Valur Guðnason, HÍ.



Hilmar Leonardsson (tv.) útskrifast úr HÍ, Finnur Jónasson og Símon Pétur Pálsson gestir útskriftarnema.



Arna Rut Emilsdóttir, HÍ, Signý Malín Pálsdóttir, HÍ, Guðrún Ingi-björg Þorgeirsdóttir, HÍ, og Salvör Rafnsdóttir, HÍ.